



Keflavík íþróttar- og ungmennafélag

606. stjórnarfundur 28. ágúst 2023 kl. 18:00

Mættir: Einar Haraldsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Björg Hafsteinsdóttir, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg S. Sigurðardóttir og Garðar Örn Arnarson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tvö fréttabréf ÍSÍ. ÍSÍ þing, samskiptaráðgjafi, Ólympíuleikar í Frakklandi o.fl.

Fréttabréf frá UMFÍ. Unglingalandsmót 2023.

Bréf frá UMFÍ. Fyrri þingboð og kjörbréf.

Tölvupóstssamskipti vegna Akademíunnar (Sigga, Helgi og Hlynur)

Fjáröflun á Ljósanótt.

Frestun á opnun tilboða í líkamsræktartæki (RNB).

Ósk um leyfi til að nota Keflavíkur merkið á varning sem á að selja á Ljósanótt (Fannar).

Samþykkt.

Ósk um leyfi til að nota Keflavíkur merkið á varning sem á að selja á Ljósanótt + samningur (Linda). Einar skoðar það með Lindu.

Samrýmd ásýnd félagsins, ábending frá stjórnarmanni. Samþykkt að fá Hjördísi til að kanna með aðila sem væri til í að gera þetta fyrir félagið.

Listi yfir tæki og töl hjá Ásjá (RNB Kristinn).

Bréf frá UMFÍ. Umsókn um að halda unglingalandsmót og landsmót 50+ 2025. Einar ætlar að skoða hvað felst í því að halda mót fyrir 50+, hvaða greinar þetta eru o.fl.

Erindi frá Ægi Gunnarssyni (styrkur Örvar K).

Fundagerðir BUR knattspyrnudeildar.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar fáramsendir á deildir og ráð.

4. Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki. Sautján þátttakendur tóku þátt undir merkjum Keflavíkur sem er frekar lítil þátttaka. Þurfum að gera betur næst.

5. Lyftingasalur

Knattspyrnudeildin er búin að steypa í gryfjuna og setja gúmmíflísarnar aftur á en það vantar smávegis í viðbót. Það þarf að láta mála salinn áður en gúmmímottur og gervigras verða sett á salinn. Það þarf að laga útihurðina og fara yfir frárennslismál. Hjördís er búin að senda bréf á bæinn varðandi þetta. Það þarf að laga þetta svo það sé hægt að halda áfram með framkvæmdir.

6. Samningar við Reykjanesbæ

Samningar við Reykjanesbæ um stöðugildi inn til félagsins og þrif á Íþróttakademiunni og umsjón með Reykjaneshöllinni. Einar mætti á fundi hjá íþrótt- og tómstundaráði þar sem farið var yfir samningana. Þeir eru tilbúnir.

7. Sambandsþing UMFÍ

53. sambandsþing Ungmennafélags Íslands verður haldið á hótél Geysi í Haukadal dagana 20.-22. október næstkomandi.

8. Önnur mál

- A. Huga þarf að nýjum starfsmanni inn á skrifstofu félagsins í samræmi við stöðugildi frá Reykjanesbæ. Það á eftir að skrifa undir samning. Auglýsa þarf starfið. Garðar ætlar að semja auglýsingu og senda á aðalstjórn.
- B. Opnuviðtal fyrir jólablaðið ákveðið.
- C. Umræða um að allar deildir verða í sama merki með utanyfirgalla.

Fundi slitið kl. 19:50

Næsti fundur verður þriðjudaginn 19. september kl. 18:00.

Fundinn ritaði Eva Björk